

Fundargerð háskólaráðs 26. ágúst 2015

Guðmundarstofa kl. 16.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnema, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Einar Svansson varamaður fulltrúa kennara, Auður H. Ingólfssdóttir varamaður fulltrúa kennara, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi íbúaráðs og Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara (mætti kl 17).

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri (yfirgaf fund eftir 3. dagskrárlíð)

Fjarverandi: Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri.

Fundargerð ritaði Halla Tinna Arnardóttir

Dagskrá

1. **Fundargerð 163. fundar.** Samþykkt.

2. **Innritanir og nemendatölur**

Rektor fór yfir fjölda umsókna og innritana í námið í haust. Á þessu ári erum við að ná í kringum 340-350 nýjum nemendum frá áramótum. Það er í sjálfu sér ágætt en er þó aðeins undir markmiðum okkar. Á síðasta ári var staðnámið dálítið að síga og í markaðssetningu og viðtölum var lögð áhersla á þetta, það virðist þrátt fyrir það ekki vera skila sér. Þá eru enn einhverjir sem sækja um en klára ekki ferlið, það eru vonbrigði.

Hugmynd um að auglýsa betur sparnaðinn við að búa hér, setja myndir af íbúðunum á heimasíðu skólans, reyna að auglýsa þær dálítið. Hugmynd um að setja auglýsingu á leigusíður fasteigna.

3. **Fjármál og rekstur**

Farið yfir rekstrarstöðuna á fyrri hluta árs. Fyrirsjáanlegur er nokkur halli á þessu ári. 2016 er gert ráð fyrir að við verðum komin yfir núllið. Mikilvægt að tryggja það að upplýsingakerfi okkar gefi rétta mynd af stöðunni, sl. haust var kerfið ekki að gefa réttar upplýsingar svo tapið varð mun meira en gert var ráð fyrir á síðasta ári. Endurfjármögnun gekk í gegn og lausafjárstaðan er orðin mun betri og greiðslubyrði léttari.

Hótelíð er orðið að sjálfstæðri einingu, hlutafélag í eigu skólans, og því ekki lengur inn í fjárhagstölum fyrir HB. Heildartekjur hótelsins hafa aukist mjög síðan á síðasta ári. Farið úr 30% nýtingu yfir í 50% nýtingu yfir sumarmánuðina skv. óstaðfestum tölum, aðeins undir markmiðum en stefnir í rétta átt. Þá nást einnig fram einhver samlegðaráhrif við samrekstur

verslunarinnar og kaffihússins. Rætt um möguleika gamla húsnæðisins sem er í eigu Samkaupa og einnig um eldra húsnæði í skólanum, s.s. Helvíti og þá álmu. Rætt um ástand húsnæðisins en hafin er úttekt á húsnæðinu.

4. Gæðamál

Drög að skýrslu gæðanefndarinnar komin. Senda þarf inn athugasemdir í síðasta lagi 28. ágúst. Gert ráð fyrir að senda bæði bréf og skýrsluna með athugasemdum. Úttektarnefndin hefur fundið fyrir pressu frá HB vegna óánægju með athugasemdirnar. Spurningar hafa vaknað um jafnræði og samkvæmni og svo eru gerðar athugasemdir um vinnubrögð nefndarinnar.

Við fáum tækifæri eins og aðrir skólar hafa fengið til þess að bregðast við skýrsludrögunum en í þessu er það nýtt að gæðaráðið gerir þær kröfur að úttektarnefndin svari þeim athugasemdum sem HB gerir við skýrsluna. Mikilvægt fyrir faglegt starf nefndarinnar að þessu sé vel svarað af hennar hálfu. Gæðaráðið eða formaður þess fer síðan með lokaábyrgð á úttektinni.

Ekki eru gerðar sérstakar væntingar um að niðurstöðunni verði breytt þótt barist verði fyrir því. Við þurfum að draga það fram sem er jákvætt og sýna fram á hvernig við getum með auðveldum hætti lagað það sem fundið er að, sumt hefur þegar verið lagfært. Í skýrslunni er ekkert að finna sem ekki er hægt að laga. Þau mál sem komu fram sem meginpunktar í fyrsta minnisblaði frá úttektarnefndinni og tengdust fjármálum er ekki fjallað um í skýrsludrögunum en standa ein og sér neðst á blaði. Það sem úttektarnefndirnar hafa sagt um fjármálin á Hvanneyri og á Hólum gefur til kynna að ekki sé ástæða til þess að gefa „limited confidence“ byggt á þeim þætti. Þá er MySchool talið HR til tekna en HB til trafala.

Þurfum að gæta okkur á því að fara ekki í ómálefnalega umræðu, vera ekki hrokafull eða tala niður til úttektarnefndarinnar þótt mikilvægt sé að koma á framfæri óánægju okkar. Við verðum málefnaleg þegar niðurstöður verða kynntar og leggjum áherslu á það sem jákvætt og þær úrbótaáðgerðir sem höfum þegar gert eða ætlum að gera.

Þegar við höfum skilað af okkur bréfinu og athugasemdum við skýrsluna verður farið í að útbúa aðgerðaráætlun, sumu er þegar lokið.

Töluverðar umræður um þessi mál. Rektor óskaði eftir því að gerðar væru athugasemdir við bréfið og sendar honum fyrir kl. 17 þann 27.8.2015, en Háskólaráð felur rektor og gæðastjóra að klára bréfið og athugasemdir við skýrsluna og senda á föstudag. Við höfum margar og sterkar röksemdir fyrir okkar máli.

Úttektarnefndin hefur til 7. september til að skila viðbrögðum við athugasemdum HB. Skv. áætlun á að afhenda lokaskýrslu 16. sept. 2015.

Rætt um leka skýrslunnar en þröngur hópur sem hafði skýrsluna undir höndum. Mikilvægt að koma í veg fyrir spuna um neikvæðar frétt, ekki láta fréttina magnast.

Menntamálaráðuneytið fór þess á leit að fá skýrsludrögin en það er fremur óvenjulegt og því hafði Rannís samband við HB sem gaf leyfi fyrir því að ráðuneytið fengi þessi drög.

5. Skipan Gæðaráðs

Stefán Kalmansson, formaður gæðaráðs, gaf kost á sér áfram í því hlutverki. Rektor lagði til að honum yrði falið þetta verkefni áfram. Það var samþykkt án mótmæla. Fram kom að Stefán hefði staðið sig mjög vel.

6. Stefnumótunarfundur 8. september

Stefnumótunarfundur verður í Hjálmakletti í Borgarnesi. Sviðsstjórum falið að vera með kynningar á sínum sviðum. Þeir sem taka þátt í þessu eru Háskólaskrifstofa, fjármálaskrifstofa, sviðsstjórar og boða þeir 2-3 kennara, rektor og aðstoðarrektor.

Óánægja í fyrra að einhverjir kennarar vissu ekki af fundinum og upplifðu sig útundan. Eðlilegt að sviðsstjórar taki fund með sínu fólki fyrir stefnumótunarfundinn og með þeim hætti hafi allir aðkomu að þessu en sviðsstjóri geti tekið athugasemdir áfram og svo upplýst sitt fólk.

Í framhaldi af þessu þarf að vinna úr niðurstöðunum og verður það skjal sem þá verður til borið upp á Háskólaráðsfundi þegar það er klárt.

7. Störf vinnuhóps um sameiningu háskóla

Rektor fór yfir stöðuna. Flestir hlutaðeigandi voru jákvæðir fyrir málinu fyrr í sumar eftir ferlið nema rektor á Hvanneyri og Hólum. Rétt áður en skrifa átti undir niðurstöðu vinnuhópsins, var haldinn fundur í Skagafirði og þá hafði sveitarstjórinn skipt um skoðun og gaf út að sveitarstjórnin þar kæmi til með að skila séráliti.

Ljúka þarf málinu. Næsta skref að þetta fari til ráðherra og hann taki ákvörðun um framhald málsins.

8. Breyting á reglugerð skólans

Farið yfir tillögur fagráðs á reglugerðarbreytingu gr. 10.-13. um starfsfólk Háskólans á Bifröst. Nokkrar umræður um ferli við ráðningar akademískra starfsmanna og framgang þeirra. Reglugerðarbreyting samþykkt. Fer fyrir stjórn skólans.

9. Önnur mál

- a) Rætt um kirkju á Bifröst, gamla kirkjan í Reykholti er ekki í notkun og henni hefur verið lyft upp svo lítið mál væri verið að flytja hana. Það þyrfti einhver að bera ábyrgð á kirkjunni og rekstri hennar. Falleg, gömul kirkja getur fegrað staðinn. Spurning hvort sú kirkja væri í allt öðrum stíl en aðrar byggingar á svæðinu. Á móti kemur að margar kirkjur eru í nágrenninu sem geta þjónustað svæðið.
- b) Vegglistaverkið eftir Hörð Ágústsson liggur undir skemmdum og það þarf að aðhafast eitthvað. Hilmar Einarsson hjá Morkinskinnu hefur skoðað verkið og hefur áhuga á að koma að þessu verkefni. Guðsteinn Einarsson, formaður stjórnarinnar, var með hugmyndir um fjármögnun þessa verkefnis. Einnig þarf að laga útilistaverkið fyrir framan Kringluna. Það vantar fjármagn í þessi verkefni.
- c) Sjentilmönnum þakkað fyrir sumarhátíðina, virkilega vel að verki staðið og almennt unnið gott starf í þessum klúbbi.
- d) Endurnýjun fulltrúa í Háskólaráði framundan, núverandi fulltrúum þakkað fyrir sitt framlag.

Fundi slitið kl. 18.00

Fundargerð samþykkt 26.10.2015